

Ársskýrsla Fuglahundadeildar 2015

Í stjórn Fuglahundadeildar starfsárið 2015 sátu þau Albert Steingrímsson, Daníel Kristinsson, Einar Guðnason, Kristín Jónasdóttir og Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir.

Úr stjórn gengu Einar Guðnason og Daníel Kristinsson af persónulegum ástæðum á miðju tímabili.

Starfsárið var með hefðbundnum hætti, haldin voru veiðipróf, opin hús, skipulagðar æfingagöngur, námskeið, grillveislur, fjáraflanir, sýningarþjálfanir, fyrirlestrar af ýmsu tagi og var haldið uppi öflugu félagsstarfi.

Á árinu voru haldnir 6 stjórnarfundir.

Áskorun s.l. ársfundar var að heiðra stigahæsta hund sýninga, sækiprófa og heiðaprófa ásamt ræktendum í sömu flokkum. Mun það verða gert á þorralblóti Fuglahundadeildar sem haldið verður næstkomandi laugardag 30. janúar. Sýningarþjálfun er mikilvæg tekjulind, en þar að auki var ráðist í fleiri fjáröflunarverkefni á borð við jólahlaðborð, sölu á hlaðborði í veiðiprófi, pökkun á hundanammi ásamt sölu á merktum varningi. Lausafjárstaða FHD er góð og gerir deildinni kleift að halda uppi áframhaldandi öflugu starfi í þágu félagsmanna.

Vegna fjölda áskorana var tekin sú erfiða ákvörðun að loka facebook síðu deildarinnar þar sem fram fór slæmur áróður undir merkjum HRFÍ.

Æfingagöngur voru haldnar á s.l. ári. FHD og Vorsteh deild skiptu með sér verkum og var ágætis mæting í göngurnar.

Á komandi vori ætlar FHD að brydda upp á nýjungum á opnum húsum, meðal annars með hlýðniæfingum og ýmissri fræðslu. Í bandi við hefðbundna hópögungutúra á heiðinni ætlar deildin einnig að bjóða nýliðum upp á veiðihundaþjálfun undir leiðsögn. FHD hefur skipulega reynt að ná til nýliða í sportinu og virðist nú vera að uppskera árangur erfiðisins því töluvert af nýliðum hafa skotið upp kollinum undanfarið og því ber að fagna.

Æfingar fyrir sækipróf blómstruðu á árinu, yfir 20 hundar mættu á æfingar þar sem skipt var upp í stöðvaþjálfun; sporaæfingar, sækiaæfingar, vatnaæfingar og hlýðniþjálfun.

Heiða- og sóknarpróf, sýningar

Á árinu voru 10 veiðipróf á dagskrá. Eitt þeirra féll niður vegna ónógrar þátttöku en sexheiðarpróf voru haldin og fjögur sóknarpróf.

Alls voru 208 skráningar í veiðiprófin, þar af hlutu 73 hundar einkunn eða 34%.

Mikil aukning var í skráningum á milli ára, eða um 33%.

Í sóknarprófum voru 57 skráningar, þar af 42 hundar með einkunn eða 74%.

Í heiðaprófum voru 151 skráningar, þar af 31 hundur með einkunn eða 21%.

Fimm erlendir dómarar komu til landsins á vegum FHD, fjórir þeirra dæmdu heiðapróf og einn sóknarpróf.

Áfram hefur verið töluverð aukning í sóknaræfingar og því ber að fagna. Eins og áður hefur verið nefnt þá voru prófin fjögur og óhætt að segja að þau hafi heppnast afskaplega vel, bæði hvað varðar undirbúning og framkvæmd. Mikil stemning var á æfingum og á prófsvæðunum.

Deildin tók upp nýtt fyrirkomulag á árinu í heiðaprófum þar sem í fyrsta skipti var boðið upp á alla flokka í þrjá daga. Það má með sanni segja að það hafi reynst vel en metskráning var í Kaldaprófið og góð skráning í önnur próf.

Á sýningum gekk flest öllum mjög vel og er sama hvar er litið niður m.t.t. til tegunda. Svipuð þátttaka var á sýningum og hefur verið undanfarin ár. Sigur sælastur var vizslan Loki í eigu Elínar Þorsteinsdóttur sem kom sá og sigraði og er hann stigahæsti hundur FHD á sýningum. Hulda Jónasdóttir er stigahæsti ræktandinn á sýningum með Huldu ræktun.

Fuglahundadeild veitir árlega vegleg verðlaun fyrir stigahæsta hund ársins í veiðiprófum.

Í heiðarprófum fóru úrslit þannig að í unghundaflokk varð enski setinn Rjúpnasels Þruma, í eigu Þorsteins Friðrikssonar, stigahæstur eftir æsispennandi baráttu um stigahæsta hundinn í þeim flokki. Þorsteinn er einnig stighæsti ræktandinn í heiðaprófum í unghundaflokki.

Í opnum flokk skaraði Pointerinn Vatnsenda Kjarval, í eigu Ólafs Jóhannssonar, fram úr öðrum og hlýtur vegleg verðlaun fyrir. Báðir hundar fá verðskulduð verðlaun og óskar FHD eigendum til hamingju með árangurinn. Ásgeir Heiðar er stigahæsti ræktandinn í heiðprófum í opnum flokki með Vatnsenda ræktun.

Í sóknarprófum fóru úrslit þannig að í opnum flokki varð aldurs forsetinn Silva SGT Schultz Rider af tegundinni Weimaraner stigahæst, í eigu Kristínar og Hauks Reynissonar. Enginn unghundur frá FHD tók þátt. Kristín Jónasdóttir og Haukur Reynisson voru stigahæstu ræktendurnir í opnum flokki með Bláskjár ræktun.

Í september tók FHD þátt í stórhundadögum Garðheima.

En að framansögðu er ljóst að við eigum mikið af vel byggðum, fallegum og hörku duglegum veiðihundum hvort sem leitað sé til sjávar eða sveita.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilum hefur fjölgað á árinu sem sýnir mikinn áhuga á starfi deildarinnar. Aðalstyrktaraðilar deildarinnar eru Dýrheimar, Vífilfell, Melabúðin og Málning. Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin, hafa greitt götu okkar með innflutning á erlendum dómurum, gistingu og uppihaldi, útvegað verðlaun og verðlaunagrip, tjöld og fóður. Vífilfell hefur styrkt okkur með skosku hágæðavíski Glenfiddich, gosdrykki og öl af ýmsu tagi. Málning greiddi flug fyrir dómara. Bruggverksmiðjan á Árskógum hefur stutt okkur dyggilega í Kaldaprófinu og gefið öl í verðlaun. Bruggverksmiðjan Steðji bættist einnig í hóp styrktaraðila deildarinnar og kom öflugur inn í Borgarfjarðarprófinu. Vesturröst styrkti okkur með veglegum vinningum í Royal Canin prófinu og sækiprófi þar sem þeir gáfu verðlaun. Melabúðin styrkti deildina ríkulega á árinu með til að mynda veisluborði í Kalda- og Áfangafellsprófinu. Styrktaraðilum okkar verður seint þakkað þann mikla stuðning og skilning sem þeir veita sportinu okkar.

Sólheimakotsnefnd

Deildin hefur tvo fulltrúa í Sólheimakotsnefnd en sú nefnd hefur verið starfrækt á þriðja ár undir styrkri stjórn Péturs Alan Guðmundssonar. Nefndin hefur unnið öflugt starf og komið kotinu í mjög gott ástand sem hefur orðið til þess að styrkja félagsstarf deildarinnar. Verður gaman að fylgjast með áframhaldandi starfi nefndarinnar.

Heimasíða – Gagnagrunnur

Félagsmenn eru eflaust verðmætasti hluti deildarinnar en heimasíðan engu síðri. Innfærsla í gagnagrunn gekk vel fyrir sig á síðasta ári, enda fyrirkomulagið í föstum skorðum.

Síðan er vel sótt og eru komnar um 2.449.469,- flettingar frá upphafi, sem er ótrúleg tölfræði miðað við umfang félagsskaparins. Huga þarf að nýrri síðu og er stefnan tekin í þá áttina.

Þorrablót

Undanfarin ári hefur blót deildarinnar verið hýst af félagsmönnum. Í ár verður engin undantekning en blótið verður haldið næstkomandi laugardag 30. janúar í heimahúsi.

Nú gengur í garð einn blómlegasti tími deildarinnar þar sem nóg verður um að vera; veiðipróf, sýningar, þjálfanir, göngur og opin hús með fræðslu, svo fátt eitt sé nefnt. Þannig að allir ættu að geta fundið sér eitthvað við hæfi.

Stjórn Fuglahundadeildar vill þakka félagsmönnum, prófstjórum, dómurum og öllum þeim sem komu að starfinu á s.l. ári kærlega fyrir allt það óeigingjarna starf sem lagt hefur verið af mörkum fyrir deildina. Starfsemi Fuglahundadeildar er öll unnin í sjálfböðavinnu og án ykkar væri þetta ekki hægt.

f.h. Fuglahundadeildar

Albert Steingrímsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir